

Ed.

336. Breytingartillögur

við frv. til laga nm gagnfræðaskóla og við brtt. á þskj. 294.

Frá minni hluta menntamálanefndar (JP).

1. Við 4. gr. Orðin »með leyfi kennslumálastjórnar« falli brtt.
2. Við 2. brtt. á þskj. 294. Í stað »Aftan við greinina bætist« komi: Á eftir »fullra 13 ára« bætist inn í o. s. frv.
3. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram á árunum 1930, 1931 og 1932 samtals 90 þús. kr. vegna Gagnfræðaskólans, til byggingar sameiginlegs skólahúss fyrir þann skóla, Iðnskólann og Verzlunarskólann, að því tilskildu, að bæjarsjóður leggi fram vegna Gagnfræðaskólans 135 þús. kr. á sama tíma, og að samkomulag náist að öðru leyti við bæjarstjórn Reykjavíkur og við eigendur Iðnskólans og Verzlunarskólans nm fjárframlög til skólabyggingarinnar vegna þeirra skóla, með þeim styrk af ríkissjóði, sem til þess yrði ákveðinn. Það er og tilskilið, að Reykjavíkurbær sjái skólanum ókeypis fyrir lóð, er kennslumálaráðuneytið tekur gilda.